

Þekkingarnet Þingeyinga

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðsstreymi	9
Skýringar	10 -14

Þekkingarnet Þingeyinga
Kennitala 670803-3330
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi Þekkingarnets Þingeyinga

Markmið Þekkingarnets Þingeyinga er að vera miðstöð símenntunar, háskólanáms og rannsókna í héraðinu. Þekkingarnet Þingeyinga býður upp á námskeiðahald, hefur milligöngu um námsleiðir og námsframboð fyrir fólk og vinnustaði og rekur háskólanámssetur með þjónustu og vinnuaðstöðu fyrir háskólanema á svæðinu. Einnig er stofnunin miðstöð rannsókna og hýsir til lengri og skemmri tíma fólk, stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir í héraðinu. Þá heldur Þekkingarnetið utan um frumkvöðlasetur og Fab-lab smiðju sem fjármagnað er í gegnum samstarfssamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á grunni byggðaáætlunar.

Þekkingarnet Þingeyinga var stofnað þann 27. júní 2003. Á árinu 2006 sameinaðist Þekkingarnet Þingeyinga, Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Nafni stofnunarinnar var breytt á árinu 2010 en hún hét áður Þekkingarsetur Þingeyinga.

Starfsemin á árinu

Á árinu hófst starfsemi frumkvöðlaseturs og Fab-lab smiðju undir merkjum Þekkingarnetsins. Þá var vöxtur í öðrum verkefnum stofnunarinnar, s.s. vegna samningsbundinna verkefna fyrir Fræðslusjóð.

Heildarvelta stofnunarinnar 2021 nam 161,1 m.kr. samanborið við 132,2 m.kr. á árinu 2020 og jókst velta stofnunarinnar því um 21,8% á milli ára. Tap ársins nam 2,1 m.kr. í samanburði við 4,8 m.kr. tap á árinu 2020.

Á árinu 2021 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls 13,2 ársverk. Þar af voru 21 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 10,4 stöðugildum. Af þeim voru 7 nemendur í sumarstörfum á vegum Vinnuálastofnunar og einn starfsmaður á ráðningarstyrk. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við rannsóknaverkefni og námskeiðakennslu, eða alls 2,5 ársverk.

Vegna aukins umfangs á starfsemi stofnunarinnar hefur stofnunin tekið á leigu viðbótarhúsnæði á Hafnarstétt 1 við hlið þess húsnæðis sem stofnunin hefur haft á leigu á Hafnarstétt 3. Tengibygging mun rísa milli húsnæðis og verður sameiginlegur inngangur í húsinu. Samtals er stærð húsnæðisins um 1000 fm² sem mun hýsa starfsemi stofnunarinnar auk þess sem stofnunin framléigir hluta húsnæðisins til þriðja aðila s.s. Náttúrustofu Norðausturlands.

Það er álit stjórnar Þekkingarnets Þingeyinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að reksturinn verði með svipuðu sniði á árinu 2022 og verið hefur.

Áhrif Covid-19 á rekstur stofnunarinnar

Stjórnendur stofnunarinnar hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja og stofnana á Íslandi og erlendis er það mat stofnunarinnar að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á rekstrarhæfi stofnunarinnar eða mat á eignum og skuldum stofnunarinnar. Ekkert bendir til þess að það mat breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Stofnunin þáði styrki frá Atvinnuleysistryggingasjóði að fjárhæð kr. 3.163.266 sem koma til lækkunar launagreiðslum. Engir aðrir viðbótaráhættuþættir eru hjá stofnuninni umfram það sem greint er frá í ársreikningi þessum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Þekkingarnet Þingeyinga er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Skýrsla stjórnar, frh.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Þekkingarnets Þingeyinga fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Húsavík, 24. maí 2022

Aðalsteinn Árni Baldursson,
stjórnarformaður

Jón Höskuldsson
meðstjórnandi

Margrét Hólm Valsdóttir
meðstjórnandi

Mirjam Blekkenhorst
meðstjórnandi

Rögnvaldur Ólafsson
meðstjórnandi

Rannveig Björnsdóttir
meðstjórnandi

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
meðstjórnandi

Yngvi Ragnar Kristjánsson
meðstjórnandi

Óli Halldórsson
forstöðumaður

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Þekkingarnets Þingeyinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Þekkingarnets Þingeyinga fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2021.
- Efnahagsreikning 31. desember 2021.
- Sjóðstreymi ársins 2021.

Skýrsla stjórnar er undirskilin endurskoðun, sbr kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstöðumaður bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumaður á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun endurskoðanda (frh.)

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetnin gu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausú álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 24. maí 2022

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
lögiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna rekstrarsamninga	3	56.849.793	54.390.386
Námskeiðstekjur	3	39.461.250	23.980.679
Verkefnatekjur	3	59.264.818	42.537.686
Aðrar rekstrartekjur	3	5.478.398	11.293.830
		<u>161.054.259</u>	<u>132.202.581</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4,8	99.021.973	92.414.738
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	3.096.913	2.905.218
Annar rekstrarkostnaður	4	57.366.026	39.995.339
Afskriftir	5	3.290.280	2.353.414
		<u>162.775.192</u>	<u>137.668.709</u>
Rekstrarhagnaður/(-tap) fyrir fjármagnsliði		(1.720.933)	(5.466.128)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		22.048	138.211
Vaxtagjöld		(64.280)	(20.232)
Gengismunur		(312.867)	509.873
		<u>(355.099)</u>	<u>627.852</u>
Tap ársins		<u>(2.076.032)</u>	<u>(4.838.276)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Innréttingar		824.455	868.456
Tölvubúnaður		796.668	1.446.987
Bifreið		4.211.648	5.318.359
Hraðið, tölvu-, tækjabúnaður og innréttingar		21.392.533	0
	5	<u>27.225.304</u>	<u>7.633.802</u>
Fastafjármunir samtals		27.225.304	7.633.802
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.522.101	3.749.169
Handbært fé		54.783.243	49.119.096
		<u>60.305.344</u>	<u>52.868.265</u>
Eignir samtals		<u><u>87.530.648</u></u>	<u><u>60.502.067</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé			
Stofnfé		7.487.575	7.487.575
Óráðstafað eigið fé		14.672.247	16.748.278
	6	<u>22.159.822</u>	<u>24.235.853</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		5.970.121	3.758.052
Aðrar skammtímaskuldir		12.202.058	11.614.872
Fyrirfram innheimtar tekjur		8.000.000	0
Fyrirframgreiðslur vegna samstarfsverkefna	7	<u>39.198.647</u>	<u>20.893.290</u>
		65.370.826	36.266.214
Skuldir samtals		65.370.826	36.266.214
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>87.530.648</u></u>	<u><u>60.502.067</u></u>
Aðrar upplýsingar	8		

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé (til rekstrar):			
Tap ársins		(2.076.032)	(4.838.276)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	3.290.280	2.353.414
Söluhagnaður efnislegra eigna		0	(996.600)
		<u>1.214.248</u>	<u>(3.481.462)</u>
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(1.772.932)	520.049
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		29.104.613	21.242.108
		<u>27.331.681</u>	<u>21.762.157</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>28.545.929</u>	<u>18.280.695</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð efnislegra eigna	5	(22.881.782)	(6.148.392)
Söluverð efnislegra eigna	5	0	2.300.000
		<u>(22.881.782)</u>	<u>(3.848.392)</u>
Hækkun á handbæru fé		5.664.147	14.432.303
Handbært fé í byrjun árs		49.119.096	34.686.793
Handbært fé í árslok		<u>54.783.243</u>	<u>49.119.096</u>
Greiddir vextir		(64.280)	(118.914)
Innborgaðar vaxtatekjur		22.048	138211

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Þekkingarnet Þingeyinga er miðstöð símenntunar, háskólanáms og rannsókna í héraðinu.

Þekkingarnet Þingeyinga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hafnarstétt 3, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Áreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

2.4 Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirliggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

2.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags.

2.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Gengi erlendra gjaldmiðla:	Lokagengi ársins (miðgengi)		
	31.12.2021	31.12.2020	Breyting
Evra (EUR).....	147,6	156,1	-5,4%

2.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki þykir ástæða til óbeinnar niðurfærslu á kröfum í árslok.

2.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur	2021	2020
Tekjur vegna rekstrarsamninga:		
Menntamálaráðuneytið, rekstrarframlag.....	54.493.564	52.184.000
Samningar við sveitarfélög; verkefnasjóður.....	2.356.229	2.206.386
	<u>56.849.793</u>	<u>54.390.386</u>
Námskeiðstekjur:		
Fræðslusjóður / námsleiðir.....	22.256.000	9.010.000
Fjölmenn.....	2.700.000	1.700.000
Íslenskukennsla.....	5.100.000	4.000.000
Þátttökugjald fyrirtækja.....	5.473.089	6.080.206
Niðurgreidd námskeið.....	1.574.461	1.289.537
Almenn námskeið.....	2.357.700	1.900.936
	<u>39.461.250</u>	<u>23.980.679</u>
Verkefnatekjur:		
Fræðslusjóður, náms- og starfsráðgjöf.....	7.534.000	6.620.000
Fræðslusjóður, þróunarsjóður framhaldsfræðslu.....	0	4.196.000
Fræðslusjóður, raunfærnimat.....	3.370.000	2.217.000
Útseld rannsókn- / ráðgjafarvinna.....	8.199.360	11.007.606
Útseld vinna og þjónusta.....	14.504.875	1.427.633
Aðrir rannsóknastyrkir.....	4.350.000	7.155.000
Tekjur vegna erlendra verkefna.....	1.586.583	9.914.447
Hraðið, Nýsköpunarmiðstöð.....	19.720.000	0
	<u>59.264.818</u>	<u>42.537.686</u>
Aðrar tekjur:		
Húsaleiga og tengd þjónusta.....	6.097.857	5.706.862
Prentun, ljósritun.....	3.830	5.220
Endurrúkkun í hlutdeild í FS neti.....	0	172.500
Ýmsar tekjur.....	(623.289)	4.412.648
Hagnaður af sölu efnislegra eigna.....	0	996.600
	<u>5.478.398</u>	<u>11.293.830</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>161.054.259</u>	<u>132.202.581</u>
4. Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld		
Laun.....	89.956.714	73.978.348
Dagpeningar.....	276.300	338.640
Ökutækjastyrkir.....	284.700	340.120
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	11.854.018	9.691.693
Tryggingagjald.....	6.232.216	5.340.115
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld.....	1.970.966	1.466.382
Breyting orlofsskuldbindingar.....	572.915	1.259.440
Styrkir frá Atvinnuleysisstryggingasjóði.....	(12.125.856)	0
	<u>99.021.973</u>	<u>92.414.738</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Sími og posaleiga.....	530.444	947.270
Burðargjöld.....	216.738	124.385
Pappír, prentun og ritföng.....	226.259	177.889
Bækur, blöð og tímarit.....	192.116	152.512
Auglýsingar.....	1.170.479	815.711
Félags- og aðildargjöld.....	449.700	498.100
Gjafir og styrkir.....	186.700	103.878
Þjónustugjöld.....	124.477	85.473
	<u>3.096.913</u>	<u>2.905.218</u>

Skýringar

4. Rekstrargjöld frh.	2021	2020
Annar rekstrarkostnaður		
Húsnæði:		
Húsaleiga.....	13.749.988	9.796.499
Ræstingar og rekstrarvörur.....	169.291	181.549
Rafmagn og hiti.....	599.734	393.489
Ferðakostnaður:		
Flug.....	271.617	513.918
Bílaleigubílar.....	594.488	335.232
Matur.....	248.595	62.599
Gisting.....	145.720	306.149
Tryggingar:		
Vátryggingar.....	106.663	144.275
Tölvukerfi:		
Tölvubúnaður.....	756.166	138.119
Hugbúnaður.....	583.959	599.875
Heimasíða/lén.....	1.106.303	508.153
Aðkeypt vinna.....	2.519.076	1.019.190
Sérfræðiaðstoð		
Reikningsleg aðstoð, launavinnsla, uppgjör, endurskoðun og önnur sérfræðip.....	3.860.415	2.988.781
Lögfræðiráðgjöf og önnur ráðgjöf.....	95.027	108.000
Kennslubúnaður:		
Kennslugögn.....	794.621	1.132.595
Aðkeypt þjónusta:		
Prentun.....	108.695	140.861
Sérfræðipjónusta, verktakavinna.....	1.996.741	583.123
Kennsla á námskeiðum.....	24.372.588	16.082.451
Fundir og kaffistofa:		
Kaffistofa.....	941.452	684.525
Fundir, athafnir, útskriftir.....	355.229	563.913
Starfsmannahald:		
Endurmenntun, námskeið og ráðstefnur.....	220.400	211.200
Félagsstarf starfsmanna og stjórnar.....	673.965	243.032
Starfsmannakostnaður.....	483.858	284.420
Bifreiðakostnaður:		
Bensín og olíur.....	187.652	159.164
Skattar og vátryggingar.....	226.348	220.404
Viðhald bifreiða.....	58.482	56.627
Annar bifreiðakostnaður.....	31.617	11.630
Ýmis kostnaður:		
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	753.893	912.720
Sorpförgun.....	470.566	573.650
Viðhald áhalda og tækja.....	0	8.952
Gjöld vegna FS nets, nettó.....	417.474	7.539
Rekstrarkostnaður.....	283.895	231.694
Ferða- og uppihald verktaka.....	62.000	62.250
Rekstur sameignar.....	103.261	125.781
Annar kostnaður.....	16.247	0
Fræðslusjóður, raunfærnimat endurgreiddur kostnaður.....	0	602.980
	<u>57.366.026</u>	<u>39.995.339</u>
Afskriftir bifreiðar, tölvubúnaðar og innréttinga.....	3.290.280	2.353.414
Rekstrargjöld samtals	<u>162.775.192</u>	<u>137.668.709</u>

Skýringar

5. Efnislegar eignir

	Innréttingar	Tölvu- búnaður	Bifreið	Hraðið, tölvu- tækjabúnaður og innrétt.	Samtals
Árslok 2020:					
Bókfært verð í ársbyrjun	917.346	2.203.278	2.021.600	0	5.142.224
Viðbót ársins	0	0	6.148.392	0	6.148.392
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(1.303.400)	0	(1.303.400)
Afskriftir	(48.890)	(756.291)	(1.548.233)	0	(2.353.414)
Bókfært verð í árslok	868.456	1.446.987	5.318.359	0	7.633.802
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:					
Kostnaðarverð	5.372.263	6.990.630	8.834.992	0	21.197.885
Afskrifað samtals	(4.503.807)	(5.543.643)	(3.516.633)	0	(13.564.083)
Bókfært verð í árslok	868.456	1.446.987	5.318.359	0	7.633.802
Árslok 2021:					
Bókfært verð í ársbyrjun	868.456	1.446.987	5.318.359	0	7.633.802
Viðbót ársins	0	0	0	22.881.782	22.881.782
Afskriftir	(44.001)	(650.318)	(1.106.711)	(1.489.249)	(3.290.280)
Bókfært verð í árslok	824.455	796.668	4.211.648	21.392.533	27.225.304
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:					
Kostnaðarverð	5.372.263	6.990.630	8.834.992	22.881.782	44.079.667
Afskrifað samtals	(4.547.808)	(6.193.961)	(4.623.344)	(1.489.249)	(16.854.362)
Bókfært verð í árslok	824.455	796.668	4.211.648	21.392.533	27.225.304

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar	5 - 6 ár
Tölvubúnaður	3 - 4 ár
Bifreið	5 - 6 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2020:			
Staða í ársbyrjun	7.487.575	21.586.554	29.074.129
Tap ársins	0	(4.838.276)	(4.838.276)
Staða í árslok	7.487.575	16.748.278	24.235.853
Hreyfingar 2021:			
Staða í ársbyrjun	7.487.575	16.748.278	24.235.853
Hagnaður ársins	0	(2.076.032)	(2.076.032)
Staða í árslok	7.487.575	14.672.247	22.159.822

Skýringar

7. Fyrirframgreiðslur vegna samstarfsverkefna

Bekkingarnet Þingeyinga er umsjónaraðili Erasmus+ verkefnis (auðkenni: 2020-1-IS01-KA202-065809) á vegum styrkjaáætlunar Evrópusambandsins fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál. Í samræmi við styrkjasamning hafði stofnunin, í árslok 2021, móttækið fyrirframgreiðslu að fjárhæð 24,3 m.kr. vegna verkefnisins. Framkvæmd verkefnisins fór fram á árinu 2021 og er áætlað að framkvæmd verkefnisins haldi áfram á árinu 2022 og verða fjármunirnir þá að mestu leyti greiddir til annarra styrkþega sem koma að verkefninu með stofnuninni eins og nánar er kveðið á um í samningi um verkefnið.

8. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Laun	89.956.714	73.978.348
Mótframlag í lífeyrissjóð	11.854.018	8.507.510
Launatengd gjöld	9.337.097	9.928.880
Styrkir frá Atvinnuleysistryggingasjóði.....	(12.125.856)	0
	<u>99.021.973</u>	<u>92.414.738</u>

Á árinu greiddi stofnunin alls 21 launþega laun í u.þ.b. 10,4 stöðugildum. Að teknu tilliti til vertakavinnu við kennslu og rannsóknir útheimti starsemi Bekkingarnets Þingeyinga 13,2 stöðugildi á árinu 2021.

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra námu 11,6 millj. króna á árinu.

Skattamál

Stofnunin er undanþegin greiðslu tekjuskatts skv. Lögum nr. 90/2003.

Húsaleigusamningar

Stofnunin hefur gert leigusamning um fasteignina að Hafnarstétt 3. Leigutími er ótímabundinn en samningurinn er uppsegjanlegur skv. ákvæðum laga nr. 36/1994. Þá hefur stofnunin tekið á leigu Hafnarstétt 1 og er sá samningur til 1. október 2041. Jafnframt endurleigir stofnunin hluta af húsnæðinu til annarra.

Undirritunarsíða

stjórnarformaður
Aðalsteinn Árni Baldursson

meðstjórnandi
Jón Höskuldsson

meðstjórnandi
Margrét Hólm Valsdóttir

meðstjórnandi
Mirjam Blekkenhorst

meðstjórnandi
Rögnvaldur Ólafsson

meðstjórnandi
Rannveig Björnsdóttir

meðstjórnandi
Sigurbjörn Árni Arngrímsson

meðstjórnandi
Yngvi Ragnar Kristjánsson

forstöðumaður
Óli Halldórsson

löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason